

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 432/2004

2007/EES/31/31

frá 5. mars 2004

um áttundu aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN
HEFUR,

EVRÓPUBANDALAGANNA

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003⁽²⁾, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka B við reglugerð ráðsins (EB) nr. 3821/85 eru settar fram tækniforskriftir fyrir smíði, prófun, uppsetningu og skoðun skráningarbúnaðar í ökutækjum í flutningum á vegum.
- 2) Breyta skal tilteknum tækniforskriftum, sem eru settar fram í I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 3821/85, að teknu sérstöku tilliti til heildaröryggis kerfisins og rekstrarsamhæfis á milli skráningarbúnaðar og ökuritakorta.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fótt skv. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 3821/85.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt sem hér segir:

1. undir kröfu 172 í 1. lið IV. kafla skulu orðin „KAPTA OΔHFOY“ koma í stað „KAPTA OΔHOY“,
2. undir kröfu 227 í lið 5.3.9 í IV. kafla komi orðin „tilgangur kvörðunar (virkjun, fyrsta uppsetning, uppsetning, reglubundin skoðun)“ í stað orðanna „tilgangur kvörðunar (fyrsta uppsetning, uppsetning, reglubundin skoðun)“,

3. Í stað tveggja síðustu línanna í lið 2.29 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„aa'H Stuðull fyrir breytingar á gagnaskipaninni '00h' fyrir þessa útgáfu

'bb'H Stuðull fyrir breytingar varðandi notkun gagnastaka sem eru skilgreind fyrir gagnaskipan sem fæst með háa bætinu '00h' fyrir þessa útgáfu.“

4. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við í lok liðar 2.67 í 1. viðbæti:

„Neðanmálsgrein: Uppfærð skrá yfir kóða sem auðkenna framleiðendur verður aðgengileg á vefsetri evrópska vottunaryfirvaldsins.“

5. Í fimmta undirlið, undir kröfu TCS_333, í lið 3.6.3 í 2. viðbæti komi formúlan „(Offset + Lc > EF stærð)“ í stað formúlunnar „(Offset + Le > EF stærð)“.

6. Í þriðja dálki, undir kröfu TCS_348, í lið 3.6.7 í 2. viðbæti, komi gildið 'C2h' í stað gildisins 'Ceh'.

7. Í áttunda dálki, í fjórðu línu, í lið 2.2.2 í 7. viðbæti, komi gögnin „EA'8F“ í stað gagnanna „8F'EA“.

8. Undir kröfu DDP_006, í lið 2.2.2.2, í 7. viðbæti komi tilvísun til „EA'8F“ í stað tilvísunar til „8F'EA“.

9. Undir Lengd (Bæti), undir kröfu DDP_033 í lið 2.2.6.5, í 7. viðbæti, komi „(167)“ í stað „(164)“.

10. Undir kröfu CPR_075, í lið 8.2 í 8. viðbæti komi:

a) í fyrirsögn að töflu 40 tilvísunin „gildið fyrir recordDataIdentifier # F90B“ í stað tilvísunarinnar „gildið fyrir recordDataIdentifier # F00B“,

b) í þriðja dálki í töflu 40 (vinnslubíl) komi tilvísun til „-59 til +59 mín.“ í stað tilvísunar til „-59 til 59 mín.“.

11. Í fyrirsögn að töflu 41, undir kröfu CPR_076, í lið 8.2 í 8. viðbæti, komi tilvísunin „gildið recordDataIdentifier # F922“ í stað tilvísunarinnar „gildið recordDataIdentifier # F022“.

12. Í fyrirsögn að töflu 42, undir kröfu CPR_078, í lið 8.2 í 8. viðbæti, komi tilvísunin „gildið recordDataIdentifier # F97E“ í stað tilvísunarinnar „gildið recordDataIdentifier # F07E“.

13. Í lið 4.2 í 10. viðbæti komi orðin „og fyrirtækiskortið“ á eftir orðinu „eftirlitskortið“.

14. Í lið 4.2.3 í 10. viðbæti komin orðin „Þar að auki lýsa eftirfarandi úthlutanir“ í stað orðanna „Eftirfarandi úthlutanir“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 16.

(¹) Stjútíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

(²) Stjútíð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

15. í lið 4.3.2 í 10. viðbæti komi orðin „GENERAL_READ: Allir notendur geta lesið notandagögn úr viðfangi mats, að undanskildum sanngreiningargögnum korthafa sem einungis er hægt að lesa af eftirlitskortum og fyrirtækiskortum með VEHICLE_UNIT“ í stað orðanna „GENERAL_READ: Allir notendur geta lesið notandagögn úr viðfangi mats, að undanskildum sanngreiningargögnum korthafa sem einungis er hægt að lesa af eftirlitskortum með VEHICLE_UNIT“.
16. Undir kröfu CSM_003, í lið 2.2.1 í 11. viðbæti, komi orðin „Dreifveldisvísirinn, e, fyrir útreikning á RSA er heiltala á bilinu 3 til n-1 sem uppfyllir $\gcd(e, \text{lcm}(p-1, q-1))=1$.“ í stað orðanna „Dreifveldisvísirinn, e, fyrir útreikning á RSA er annað en 2 í öllum RSA-lyklum sem búnir eru til“.
17. Í öðrum dálki annarrar töflu í undirlið 5.1, í athugasemd 5, undir kröfu CSM_017 í lið 3.3.1 í 11. viðbæti, komi orðin „Heil tala“ í stað orðanna „BCD-kóðun“.
18. Undir kröfu CSM_018 í lið 3.3.2 í 11. viðbæti bætast orðin „að undanskildum 4. viðauka A,“ við á eftir orðunum „í samræmi við ISO/IEC 9796-2.“.
19. Í tíunda ramma, í annarri skýringarmynd vinstra megin, undir kröfu CSM_020, í 4. lið í 11. viðbæti, komi „undirskriftar*“ í stað „undirskriftar“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.